

Stjórnarfundur

Fundargerð fimmtudaginn 3. apríl 2025

Mættir á skrifstofu félagsins: Árni Sverrisson, Einar Ólafsson og Páll Ægir Pétursson

Á fjarfundí: Heimir Karlsson, Kristinn Hólmlaug, Vignir Traustason, Friðrik Höskuldsson, Tryggvi Eiríksson, Pálmi Gauti og Jón Frímann Eiríksson.

Formaður (ÁS) bauð alla velkomna og setti fundinn kl. 10:00.

Dagskrá

1. Vísir sameining við Félag skipstjórnarmanna, staðan á því máli.

ÁS sagði frá hvernig sameiningin hefur gengið fyrir sig, til upprifjunar flutti formaður Vísis tillögu á aðalfundi Vísis þann 29. des 2024, um að óska eftir sameiningu við Félag skipstjórnarmanna, tillagan var samþykkt. Í framhaldi átti formaður Vísis og stjórn samtal við formann FS og tillaga um sameiningu var samþykkt í stjórn FS. Þá var farið í atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna í Vísí, þar sem sameiningin var samþykkt. Á aðalfundi FS þann 30. maí nk. verður tillaga um sameiningu borin upp.

2. Íbúðamál, staðan.

ÁS sagði frá vinnunni við íbúðirnar í Borgartúni og hvað búið er að gera. Stjórnarmenn geta fengið að skoða íbúðirnar. Hefur kostað talsvert fé en þetta hefur komið vel út. Klárað verður að innréttá íbúðirnar í þessari viku.

Gömlu íbúðirnar okkar í Reykjavík komnir í sölu á Gimli. Varðandi Vatnsendahlíðina þá er hún að verða tilbúin. Búið er að greiða bústaðinn að fullu og Félagið því eigandi að bústaðnum. Laga hefur þurft smávegis í bústaðnum, búið að mála hann allan að innan, þá fór smiður á okkar vegum þarna til að ditta að ýmsu. Hugmynd hefur komið fram um að settur verði skjólveggur við pottinn, en þess gætt að útsýni út á vatnið skerðist sem minnst. Stækka þarf bílastæði ofan við bústaðinn og hugmynd um að loka bíslagi á milli aðalhúss og gestahúss og búa til geymslu fyrir útihúsgögn, grill ofl. Þar væri einnig hægt að hafa þvottavél og þurrkara ef vill. Einigur þarf að gera smávegis annað áður en bústaðurinn verður tekinn í notkun. Eftir nokkra umræður um málið, varð niðurstaðan sú að bústaðurinn verður tekinn í notkun óbreyttur en skoðaðar verða tillögur frá félagsmönnum eftir sumarið og þá gerðar einhverjar breytingar.


3. Aukning á veiðigjaldi – yfirferð

ÁS las umsögn um málið. Fram kom að Verðlagsstofu þarf að efla, í kjarasamningi okkar frá 2023 er bókun um að hún verði efla svo hún geti rækt hlutverk sitt sem er að fylgjast með því að rétt sé gert upp við sjómenn. Það hefur ekki gengið eftir m.a. vegna þess að SFS leggst gegn því að hún fái rafrænt allar upplýsingar um útflutningsverðmæti frá skattinum. Fundarmenn voru samþykktir samantektinni og verður hún sett inn á samráðsgáttina en síðasti skiladagur er í dag. FS er sammála því að greitt sé sanngjarni gjald fyrir afnot af auðlindinni. Stjórnarmenn ræddu fiskverð og veltu fyrir sér hvort ákvörðun stjórnvalda um (leiðréttingu) á gjaldstofni veiðigjalds með því að gjaldstofn verði fiskverð á boltfiski á fiskmörkuðum í stað verðs í beinum viðskiptum og gjaldstofn uppsjávarfisks verði miðaður við verð á uppsjávarfiski í Noregi í stað verðs á Íslandi áður, væri skref í átt að sambærulegu fiskverði á Íslandi og erlendis.

EKKI fleira rætt og fundi slitið 11:05.



Árni Sverrisson formaður



Páll Ægir Pétursson fundarritari